

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 2. febrúar 2018 breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn 16. nóvember 2017.

Í breytingunni felst að landnotkun í landi Teigarhorns og Djúpavogshrepps við Eyfreyjunes er breytt. Í Teigarhorni eru 2,5 ha skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Gerð er breyting á legu hringveggar nærri bæjarstæði á Teigarhorni og fyrir Eyfreyjunesvík þar sem gert er ráð fyrir áningarstað. Þá eru gerðar lítilsháttar breytingar á efnistökusvæðum nr. 30 og 31.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 2. febrúar 2018.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2018